



Reglur um val í afrekshóp

Í afrekshóp DSÍ eru valin pör sem hafna í fjórum efstu sætunum í latín dönsum og í standard dönsum og í tveimur efstu sætunum í keppninni í 10 dönsum. Hópurinn er valinn á hverju ári, eftir að úrslit eru ljós í þeim aldursflokkum sem greint er frá hér neðar, að loknum þessum þremur Íslandsmeistarakeppnum. Æfingartími hvers afrekshóps er frá því að hann er kynntur, að fyrstu keppni næsta árs á eftir.

Aldursflokkarnir og sæti á Íslandsmeistaramótum eru ákvörðuð með hliðsjón af þátttökurétti á HM, sem eru Unglingar II F, Ungmenni F og Fullorðnir F (1). Með þessu móti geta verið valin 10 pör úr hverjum aldurshópi, eða allt að 30 danspör. Verði hópurinn of stór áskilur Afreksnefnd DSÍ sér þann rétt að breyta fyrirkomulaginu við að velja pör í afrekshópinn, en miðað er við að hópurinn sé af stærðargráðunni 10-20 pör.

Ef eitthvert paranna hættir að dansa saman eftir að hafa verið valið í afrekshópinn þá fellur viðkomandi par út úr hópnum og önnur pör koma ekki í þeirra stað. Þessi regla á einnig við ef eitthvert þessara para kemur ekki á boðaðar æfingar án þess að tilkynna forföll í tíma. Þau pör sem mæta sjaldnar en á 80% af æfingum Afrekshópsins eiga hættu á að vera vísað úr hópnum og eiga auk þess það á hættu að verða ekki valin í hópinn árið eftir þrátt fyrir að uppfylla ofanefnd þátttökuskilyrði. Sannanleg veikindi og keppnisferðir erlendis eru einu forföllin sem tekin eru gild.

Jafnframt er hægt að vísa danspörum úr Afrekshópnum ef afreksnefnd DSÍ eða stjórn DSÍ verður vart við óíþróttamannslega hegðun dansara utan sem innan dansgólfsins. Hér er m.a. átt við neyslu áfengis eða annarra vímugjafa á æfingum eða keppnum, hér á landi sem erlendis.

Við sérstakar ástæður þá er stjórn DSÍ, í samráði við Afreksnefnd, heimilt að bjóða ár hvert gestadanspörum á lokaæfingu Afrekshópsins.

(1) Í móta- og keppendareglum DSÍ segir að í 5 og 5 dönsum eru það pörin í fyrstu tveimur sætunum í þessum aldursflokkum sem vinna sér inn réttinn til að fara á Heimsmeistaramót og pörin í þriðja og fjórða sæti eru til vara. Í 10 dönsum þá er það fyrsta sætið sem fær réttinn og er annað sætið sem er til vara.

Þessar reglur er settar með hliðsjón af reglum IDSF um boð á Heimsmeistaramót, en þar segir að bjóða skuli frá hverju aðildarlandi tveimur pörum á Heimsmeistaramót í 5 og 5 dönsum og einu pari á 10 dansa Heimsmeistaramót.

Með hliðsjón af þessu er valið í Afrekshóp á hverju ári og þau pör valin sem gætu fengið réttinn til að fara á Heimsmeistaramót en ekki pör sem geta ekki farið vegna þessa ákvæðis í móta- og keppendareglum DSÍ.